

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um atvinnumál kvenna í Suðurkjördæmi.

Frá Hönnu Birnu Jóhannsdóttur.

1. Hefur verið kannað hvernig atvinnumálum kvenna í Suðurkjördæmi er háttað, svo sem hvaða störf þær stunda og í hve miklum mæli?
2. Er vitað hvort störfum kvenna í sjávarútvegi, landbúnaði og þjónustu í Suðurkjördæmi hafi fjölgað, þau staðið í stað eða þeim fækkað síðastliðin fimm ár?
3. Er vitað hvernig atvinnumál kvenna í Suðurkjördæmi hafa þróast miðað við atvinnu kvenna í öðrum kjördæmum?